

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 256/2013

2013/EES/64/07

frá 20. mars 2013

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á natríumaskorbati (E 301) í D-vítamínblöndur sem eru ætlaðar til notkunar í matvæli fyrir ungbörn og smábörn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á natríumaskorbati (E 301) sem þrávarnarefni í D-vítamínblöndur sem eru ætlaðar til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur í skilningi tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB ⁽³⁾ var lögð fram 15. desember 2009 og verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Innihaldsefni sem eru notuð í framreiðslu á ungbarnablöndum og stoðblöndum þurfa að uppfylla mun strangari örverufræðilegar kröfur en matvæli almenn, einkum hvað varðar iðrabakteríur og *Cronobacter sakazakii*. Til að ná því markmiði eru innihaldsefni eins og D-vítamínblöndur hitameðhöndluð. Slík meðhöndlun krefst aftur á móti þrávarnarefnis sem er vatnsleysanlegt og

hefur hlutlaust sýrustig. Natríumaskorbat (E 301) var skilgreint sem það þrávarnarefni sem reynist henta til að uppfylla þá tæknilegu þörf.

- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita áhlits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á notkun á natríumaskorbati (E 301) sem matvælaaukefni í D-vítamínblöndum sem eru ætlaðar í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og lét í ljós álit sitt 8. desember 2010 ⁽⁴⁾. Hún komst til þeirrar niðurstöðu að tillögð rýmkun á notkun á matvælaaukefninu natríumaskorbati (E 301) til notkunar sem þrávarnarefni í D-vítamínblöndur til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur sé ekki öryggisvandí.
- 8) Því er rétt að leyfa notkun á natríumaskorbati (E 301) sem þrávarnarefni í D-vítamínblöndur sem eru ætlaðar til notkunar í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
- 9) Því ber að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 79, 21.3.2013, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.

⁽⁴⁾ Nefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, vísindalegt álit um notkun á natríumaskorbati sem matvælaaukefni í D-vítamínblöndum sem eru ætlaðar til notkunar í blöndur og afvenslunarfæðu fyrir ungbörn og smábörn. Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(12), 1942.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 301 í B-þætti 5. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 komi eftirfarandi:

„E 301	Natriumskorbat	100 000 mg/kg í D-vítamínblöndu og 1 mg/l hámarksyfírfærsla í endanlegum matvælum	D-vítamínblöndur	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í tilskipun 2006/141/EB
		Heildaryfírfærsla 75 mg/l	Yfirborðsmeðferð næringarblandna sem innihalda fjölmættaðar fitusýrur	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn“